

Kortlagning heitavatsleiðara suður frá
Klauf, Eyjafj. fyrir Hitaveitu Akureyrar

Kristján Sæmundsson, Axel Björnsson

Greinargerð KS-AB-80/01

Kortlagning heitavatsleiðara suður frá Klauf, Eyjaf. fyrir
Hitaveitu Akureyrar.

Gangur sá, sem heitavatsrennslið virðist aðallega tengt austan Eyjafjarðarár milli Grýtu og Bjarkarlaugar, hefur verið rakinn með segulmælingum einungis rétt suður fyrir Klauf. Þar sunnan við er ekki ljóst, hvernig hann liggur vegna óreglu er þar kemur fram í segulkortinu. Stafar óreglan frá öðrum göngum, er skerast á þessu svæði og hugsanlegt er að Grýtu-Bjarkarlaugar-gangurinn sveigi eitthvað til austurs á milli Grýtu og Sigtúns. Mögulegt er einnig að gangurinn haldi beint áfram og skeri Þverá innri rétt ofan við brúna.

Hugsanlegt er talið, að vatn megi vinna úr ganginum alveg þangað inn eftir, og gjarnan bent á laugarnar í Mjaðmárdal því til stuðnings, en ljóst er að borholur sem ætlað er að skera hann verða ekki staðsettar með eins miklu öryggi sunnan Grýtu eins og norðan við.

Eins og horfir telur jarðhitadeild rétt fyrir Hitaveitu Akureyrar að afla sér heimildar til borana og vatnsvinnslu á landræmu, sem sýnd er á meðfylgjandi mynd. Vegna þess hve mikil óvissa er um legu heitavatsgangsins sunnan við Klauf, er óhjákvæmilegt að tiltaka nokkuð breiða spildu sem hugsanlegt vinnslusvæði á þessu stigi. Líklegt er að hún þrengist þegar frekari mælingar og boranir koma til.

Að fenginni reynslu frá öðrum jarðhitasvæðum t.d. Mosfellssveit, , teljum við rétt að HA afli sér sem víðtækasta vatnsréttinda á öllu því landssvæði er hugsanlega getur orðið vinnslusvæði í framtíðinni. Þetta landssvæði umlykur alla jarðhitastaði og nágrenni þeirra um miðbik Eyjafjarðar og er sýnt á meðfylgjandi korti. Reyndar er ósennilegt að vatnsvinnsla hefjist á öllu þessu svæði á næstu árum, en með aukinni og bættri bor- og leitartækni gæti þróunin krafist vatnsvinnslu á svæðinu öllu.

